



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 1. mars 2018

Efni: Umsögn Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/2016, um útlendinga (fylgdarlaus börn), þingskjal 42 – 42. mál.

Varðandi b lið 2. gr. lagafrumvarpsins

Gert er ráð fyrir að nýr málslíður bætist við 6. mgr. 24. gr. laga nr. 80/2016 eða „ *Fulltrúi barnaverndaryfirvalda skal þegar taka við umsjón og ábyrgð á því að réttinda barnsins og hagsmuna sé gætt meðan á málsmeðferð vegna umsóknar um alþjóðlega vernd stendur* “.

Ljóst er af framangreindu að ákvæði þetta felur í sér að auknar skyldur og miklar ábyrgðir eru lagðar á barnaverndarnefndir sem fela í sér kostnaðaraukningu og aukið vinnuframlag starfsmanna. Rík áhersla er lögð á að tryggt verði að fjármagn fylgi með frá ríkinu til sveitarfélaga vegna aukins vinnuálags starfsmanna barnaverndarnefnda en nú er svo að aðeins útlagður kostnaður er greiddur vegna fylgdarlausra barna. Ekki verður séð af lagafrumvarpinu, hvorki efnisgreinum þess eða umfjöllun, að gert sé ráð fyrir að til komi fjármagn vegna þessa og verður að gera athugasemd við það.

Hefur ákvæðið verið kostnaðargreint hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar vegna aukins vinnuframlags og er niðurstaðan sú að um 0.75 stöðugildi þurfi til þess að sinna þessu verkefni miðað við umfang undanfarin misseri en kostnaður þess er metin um 8.1 mkr. á ársgrundvelli.

Varðandi 4. gr. lagafrumvarpsins:

Í lagafrumvarpinu kemur fram að sett verði á stofn sérstakt móttökuheimili fyrir börn en áður virðist ekki hafa verið gert ráð fyrir sérstökum dvalarstað fyrir fylgdarlaus börn heldur einungis einni gerð af móttökumiðstöð þar sem öllum aldurshópum hafi verið ætlað að dvelja. Telur Velferðarsvið Reykjavíkur mikilvægt og mjög til bóta fyrir vegaláus börn að af þessu verði enda er það ekki boðlegt fyrir fylgdarlaus börn að dvelja með fullorðnum einstaklingum en viðurkennt er að margar hættur steðja að þessum hópi barna. Um er að ræða viðkvæman og berskjaldaðan hóp barna sem þurfa oft á miklum stuðningi að halda. Huga þarf sérstaklega að því að tryggja hagsmuni þeirra og velferð og er það í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sbr. lög nr. 19/2013. Er bent á mikilvægi þess að fyrirhuguð móttökustöð verði mönnuð fagfólki og einstaklingum með flekklausan feril og eftirlit verði sýnilegt og reynt verði eftir fremsta megni að gera staðinn vinalegan og öruggan. Mikilvægt er



Reykjavíkurborg

Barnavernd Reykjavíkur

að bjóða þessum börnum upp á markvissan stuðning og sérstök úrræði eins og gert er í nágrannalöndum okkar.

Þá er rétt að benda á að flóttamenn á aldrinum 18 – 25 ára eru líka í viðkvæmri stöðu og mikilvægt er að hugað sé að þjónustu og stuðningi við þann hóp.

Varðandi 5. gr. lagafrumvarpsins:

Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að starfsmaður barnaverndaryfirvalda skuli **ávallt** vera viðstaddur viðtöl Útlendingastofnunar við börn. Varðandi athugasemdir um grein þessa vísast til umfjöllunar um b lið 2. gr. frumvarpsins hér að framan en ekki verður annað séð en að með þessu sé verið að leggja enn ríkari skyldur á barnaverndarstarfsemi en núgildandi lög gera ráð fyrir sem leiðir af sér aukið vinnuálag á barnaverndarstarfsmenn og því þarf að tryggja að fjármagn fylgi með til sveitarfélaga.

Að lokum er bent á mikilvægi þess að útbúið sé verklag vegna vinnu með börnum án fylgdarmanna þar sem hlutverk hvers og eins er kemur að málefnum þeirra er skýrt eins og kostur er.

Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef frekari upplýsinga eða gagna er óskað.

Fyrir hönd Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Barnaverndar Reykjavíkur,

Sigríður María Jónsdóttir

Lögfræðingur Barnaverndar Reykjavíkur